

Reykjavík, 17. mars 2022
PON22030019

Til mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Fjárfestingaáætlun Þjónustu- og nýsköpunarsviðs 2023.

Fjárfestingaáætlun Þjónustu- og nýsköpunarsviðs 2023 í stafrænni umbreytingu og tengdum þáttum lögð fram til staðfestingar, með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar 2023.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Karen María Jónsdóttir,
skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra

Hjálagt er fjárfestingaáætlun 2023 og forsendur fjárfestingaáætlunar 2023.

Fjárfestingaáætlun í Stafrænni umbreytingu

Fjárfestingaáætlun í Stafrænni umbreytingu					2022	2023	2024	2025	2026
		Verkefni (heiti)	Stutt lýsing/rökstuðningur	Ávinningur	Samtals	Samtals	Samtals	Samtals	Samtals
Græna planið	Uppl.tækn.stefna	Þjónustustefna	Skjalastefna	Stafræn umbreyting - Rannsóknir og nýsköpun					
Græna borgin		Rannsóknarþjónusta	Sérstök tenging við Græna planið og umsóknir um Grænu borg Evrópu ásamt því að komast inn í hóp 100 kolefnishlutlausra borga. Styrking rannsóknareymis með áherslu á tímabundna stöðu verkefnastjóra. Einnig fjármagn í ráðgjafakaup. Teymið mun leggja aukna áherslu á að sækja Evrópustyrki með áherslu á alþjóðleg verkefni sem styðja við stefnur borgarinnar.	Aukin þekkingarsköpun, aukið rannsóknarfjármagn til borgarinnar. Stuðningur við græna planið.	14.000	14.000	14.000	5.000	5.000

Græna planið	Uppl.tækn.stefna	Þjónustustefna	Skjalastefna	Stafræn umbreyting - rafvæðing ferla							
Borg fyrir fólk	Bætt þjónusta	Fagmennska	Rekjanleiki og áreiðanleiki	Lýðræðisgáttir og fleira	Tillaga mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráðs R19010390. Umbreyting á lýðræðisverkefnum. Um er að ræða ferlahönnun og hugbúnaðargerð. Á móti fjárfestingu ætti að fara kostnaður sem nú er á mannréttindaskrifstofu og tengist Betri Reykjavík. Endursamið verður við lúða ses þar sem nálgun verður öðruvísi hvað varðar samráðsferla.	Kemur lýðræðisverkefnum í farveg til framtíðar.	30.000	0	0	0	0
Borg fyrir fólk	Bætt þjónusta	Skilvirkni	Rekjanleiki og áreiðanleiki	Gagnsjá, ábendingagátt, styrkjagátt, samráðsgátt	Tillaga mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráðs R19030273. Ferlahönnun fyrir helstu ferla. Tæknivinna vegna Gagnsjár og tenging við HIðúu og önnur upplýsingakerfi.	Kemur lýðræðisverkefnum í farveg til framtíðar.	47.000	0	0	0	0
Vaxandi borg	Bætt þjónusta	Notendamiðuð hönnun / Nærþjónusta	Rekjanleiki og áreiðanleiki	Stafræn þróunarteymi	Til að auka hraða í stafrænni umbreytingu er lagt til að 6 þróunarteymi komi til starfa og eitt stoðteymi þeim til stuðnings. Teymi þessi myndu fara í gegnum 84 þjónustu- og umsóknafærla hjá borginni á þremur árum. Til að tryggja vinnsluhraða og framgang teyma er kemur að stafrænni umbreytingu inni í borgarkerfinu þarf stoðteymi í kringum teymin. Teymin ryðja hrindrunum úr vegi og veita ráðgjöf á sínu sérfræði sviði. Til þess að tryggja skilvirkni, skýrt eignarhald og samræmda sýn þarf starfræna leiðtoga inn á öll svið borgarinnar sem starfa náið með stafrænni reykjavík og stafrænum leiðtoga borgarinnar.	Að hraðað verði stafrænni umbreytingu á sviðum borgarinnar með það að markmiði að umbreyta ferlum og hraða virðisaukandi verkefnum.	1.064.000	1.064.000	210.000	110.000	110.000
Vaxandi borg	Bætt þjónusta	Fagmennska / Skilvirkni	Samræmd meðferð og skráning	Vefþróun	Umfang vefþróunar hefur margfaldast undanfarin ár en í dag hefur sviðið umsjón með 470 vefjum borgarinnar, þróun þeirra, innleiðingu og eftirfylgni. Verkefnið framundan er að klára itranir á nýjum vef borgarinnar Reykjavík.is og Mínum síðum. Við munum gangsetja þróunarferli á nýju RVK-appi og leysa upplýsingagjöf til leikskólaforeldra. Mörg minni vefverkefni bíða úrlausnar.	Samræmd uppbygging á vefumhverfi borgarinnar.	40.000	40.000	40.000	40.000	40.000
Samtals							1.181.000	1.104.000	250.000	150.000	150.000

Græna planið	Uppl.tækn.stefna	Þjónustustefna	Skjalastefna	Stafræn umbreyting - Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi							
Borg fyrir fólk	Aukin skilvirkni	Skilvirkni / fagmennska	Styðja hlutverk RVK og réttindi borgarbúa	Vinnsluskrá persónuupplýsinga	Tilmæli frá persónuverndarfulltrúa borgarinnar. Samræma þarf vinnsluskrá persónuupplýsinga hjá borginni með smíði sameiginlegrar skrár. Ekki er í dag til staðar nein formkrafa um hvernig vinnsluskráin skuli sett fram, eða hvaða aðferð skuli notuð við gerð hennar. Sviðin og stofnanir hennar ákveða því fyrirkomulag skrárinnar sjálf; hvort sem það er gert með því að hafa yfirlit í formi skriflegs skjals, Excel skjals, eða með öðrum hætti. Fyrsta árið fer fram viðamikil greiningarvinna og samræming aðferða og ferla milli sviða.	Samræming skráa yfir vinnslu persónuupplýsinga hjá borginni.	7.000	0	0	0	0
Vaxandi borg	Framsækin notkun	Skilvirkni / notendamiðuð hönnun	Yfirsýn, rekjanleiki og áreiðanleiki gagna,	Ný upplýsingakerfi	Verkefnum fyrir árið 2023 hefur verið forgangsraðað í samráði við svið borgarinnar og í samræmi við stefnur hennar. Til viðbótar við stór verkefni sem komu til framkvæmda á árinu 2021 og 2022 og halda þarf áfram með, verður lögð áhersla á verkefni sem uppfylltu öll skilyrði á árinu 2022 en ekki voru til bjargir fyrir. Þá verður skapað nými fyrir forgangsverkefni sem óskað verður sérstaklega eftir á árinu 2023. Tæplega helmingur fjármagnsins er ætlað til verkefna sem þegar eru í framkvæmdarferli og tæplega helmingur þess til nýrra verkefna sem óskað var eftir á árinu 2021 og 2022 en ekki var hægt að koma í framkvæmd. Þá er frátekið fjármagn vegna verkefna sem koma inn á árinu 2022 og þurfa að vera í forgangi s.s. vegna ábendinga frá innri endurskoðun eða lagabreytinga.	Hugbúnaðarþróun kemur borginni inn í framtíðina.	793.500	1.176.000	500.000	500.000	500.000
Vaxandi borg	Aukin skilvirkni	Skilvirkni	Örugga skráning, varðveisla og meðferð gagna	Office 365	Innleiðing á Office 365 hjá öllu starfsfólki borgarinnar ásamt klára innleiðingu hjá Grrunnskólum Reykjavíkur. Starfsfólk og grunnskólar þurfa að hafa aðgang að nýjustu útgáfu af Office og geta nýtt það töl til samvinnu í hinum ýmsu verkefnum innan sviða og þvert á svið borgarinnar. Teams er stór þáttur í þessari innleiðingu og þykir það vera mikilvægt töl til samvinnu bæði innanborgarinnar en líka við ytri aðila. Grunnskólar Reykjavíkur og allir nemendur eru komin með Office365 leyfi og það þarf að klára innleiðingu. Mikilvægt er að búið verði til kennslu- og fræðsluefni fyrir notendur. Að auki er það mikilvægt að notendur geymi gögnin í skýinu í stað á vélum starfsmanna eða á heimasvæðum.	Dregið úr mikilvægi miðlægs búnaðar í rekstri UTR . Minnkar tækniskuld og þörf fyrir fjárfestingu í miðlægum búnaði. Losar diskapláss í gagnastæðum borgarinnar um 12TB af gögnum auk kostnaðar við öryggisafritun. Eftirlit og rekjanleiki með gögnum og meðferð þeirra verður betri.	175.000	175.000	0	0	0

Vaxandi borg	Bætt þjónusta	Skilvirkni	Örugga skráning, varðveisla og meðferð gagna	Nýtt síma- og samskiptakerfi	Hefðbundnir borðsímarnir og landlínur eru á hraðri útleið og hefur Mila t.d. nú hafið það ferli að loka ákveðnum hlutum kerfisins. Ljóst er að umtalsvert hagræðingartækifæri skapast við að innleiða nýtt sím- og samskiptakerfi sem stutt getur við nútíma samskipti þvert á alla borgina. Við slíka breytingu sparast mikil vinna við að viðhalda og samræma þær 72 símstöðar sem í rekstri eru og símanúmer þeirra en einnig opnast möguleikar á að nota „softphones“ tölvusíma meira, tengja símanúmer við starfsfólk, að hafa hringihópa, bíðraðir, þjónustu- og skiptiborð sem geta öll talað saman og verið mæld með samræmdum hætti. Í fyrsta sinn yrði hægt að tryggja að símanúmer og tengiliða upplýsingar alls starfsfólks væru skráðar á einum stað og birt á innri vef til að greiða fyrir samskiptum.	Þetta verkefni miðar að því að leita leiða til að draga úr innviðakostnaði á bakvið hvern síma og fjölga tölvusímum svo að starfsmenn borgarinnar geti betur nálgast þessa ódýru þjónustu.	40.000	40.000	0	0	0
Græna borgin	Framsækin notkun	Fagmennska	Örugga skráning, varðveisla og meðferð gagna	Húsumsjónarkerfi og hugbúnaður fyrir skilvirka rekstrarþjónustu	Um er að ræða kerfi sem heldur utan um rekstur, viðhald stjórnsýsluhúsa og veitir yfirsýn yfir birgðastöðu. Með skilvirku kerfi og forgangsriðun verkefna má nýta fjármagn og mannauð betur. Rekstarþjónustan leggur auk þess höfuð áherslu á notendamiðaða þjónustu við starfsfólk borgarinnar. Gott og notendamiðað beiðnakerfi skiptir öllu í upplifun notanda þjónustunnar og staða mála sé skýr í allri umgjörð innri þjónustu rekstarþjónustunnar. Endurhönnun á ferlum og standa undir væntingum framtíðarinnar um þjónustustig skrifstofanna.	Hátt þjónustustig og gagnsæi í rekstri stjórnsýsluhúsa.	6.500	4.000	0	0	0
Borg fyrir fólk	Aukin skilvirkni	Notendamiðuð hönnun / nærþjónusta	Styðja hlutverk RVK og réttindi borgarbúa	Samræmd nemendaskráning	Innleiðing á samræmdri nemedaskráningu fyrir alla nemendur í leiksskólum og grunnskólum Reykjavíkurborgar. Í dag eru nokkur kerfi í notkun fyrir grunnskóla, leikskóla og frístund. Kerfin eru m.a. ekki samþætt fjárhagskerfum borgarinnar þannig að fjölskylda fær marga reikninga frá Reykjavíkurborg, sérstaklega ef börnin ganga í mismunandi skóla. Þörf er á að breyta þessu og samræma með notendamiðaða þjónustu að leiðarljósi.	Nemendaskráningin gerir okkur kleift að auðvelda flutning barna á milli leiksskóla og grunnskóla þannig að saga þeirra fylgi þeim.	285.000	100.000	0	0	0

Samtals1.307.0001.495.000500.000500.000500.000

Græna planið	Uppl.tækn.stefna	Þjónustustefna	Skjalastefna	Stafræn umbreyting - Upplýsinga- og gagnastýring							
Vaxandi borg	Aukin skilvirkni	Fagmennska / Skilvirkni	Yfirsýn, rekjanleiki og áreiðanleiki gagna	Hlaðan II	Innleiðing Hliðunnar nýs upplýsingastjórnunarkerfis Reykjavíkurborgar heldur áfram en gangsetning hennar seinkaði töluvert vegna Covid. Verkefnið er eitt mikilvægasta umbreytingarverkefni borgarinnar þessi misserin. Hlaðan mun breyta daglegu vinnulagi starfsmanna til framtíðar. Í kerfinu verða öll skjöl vistuð auk þess sem kerfið býður upp á ýmsa möguleika til öflugrar verkefnastjórnunar. Nokkurra ára átak í skjalamálum, högun, stjórnun og verkaskiptingu, þvert á alla borgina mun til lengri tíma spara margfalt það fjármagn sem í átakið verður sett, bæði hvað varðar öryggi gagna, trúverðuleika og betri stjórnun og meðferð persónugreinanlegra gagna. Gert er ráð fyrir kostnaði sem nemur u.þ.b. sjö stöðugildum og unnt er að líta á verkefnið sem fjárfestingu.	Betri og markvissari skjalastjórnun og gagnastýring. Grundvallarbreyting á sviðum borgarinnar að samræma verklag og gera Reykjavíkurborg að einum heilstæðum vinnustað sem ein stjórnsýsla	88.000	88.000	60.000	40.000	40.000
Vaxandi borg	Aukin skilvirkni	Skilvirkni	Yfirsýn, rekjanleiki og áreiðanleiki gagna	Gagnavinnslustöð (e. data science platform)	Eitt af stóru skrefunum í stafrænni vegferð borgarinnar er að þróa gagnalandslag sitt. Stór liður í því er að koma gagnahugbúnaði (s.s. gagnavinnsalur, kóða, mælaborð og tölfraeðilíkön) sem þróaður er innan borgarinnar í rekstur á miðlægum stað. Þetta er gert með því að setja upp gagnavinnslustöð þar sem hægt er að keyra opinn hugbúnað, í sama þróunar- og rekstarumhverfi og er til staðar hjá upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar (UTR). Með þessum hætti verður ferillinn frá þróun til rekstrar í sama farvegi og er til staðar fyrir annan hugbúnað hjá UTR. Gagnavinnslustöðin er mikilvægur stökkpallur fyrir gagnþjónustuna til að koma vörum sínum og hugbúnaði hratt og örugglega í rekstur og þar með styrkja stafræna umbreytingu borgarinnar. Byggir á vöruhúsi gagna.	Gagnaþjónustan framkvæmir mikilvægustu og umfangsmestu greiningum á gögnum borgarinnar. Mikill hagur er í því fyrir að hún vinni sína vinnu á traustum vettvangi sem aðlagast vel að tækniumhverfi borgarinnar, og komi virðisaukandi lausnum hratt og örugglega í rekstur.	30.000	20.000	0	0	0

Samtals118.000108.00060.00040.00040.000

Græna planið	Uppl.tækn.stefna	Þjónustustefna	Skjalastefna	Stafræn umbreyting - Hönnun og umbreyting þjónustu							
Vaxandi borg	Bætt þjónusta	Skilvirkni / nærþjónusta	Langtímavarðveisla og grísjun	Átak í teikningaskönnun	Mikil eftirspurn eftir teikningum á rafrænu formi af notendum, bæði almenningi, iðnaðarmönnum, borgarstofnunum og öðrum hagsmunaaðilum. Innskönnun teikninga er brýnt verkefni en mikill fjöldi teikningar hefur ekki verið færður á stafrænt form og því aðeins aðgengilegur í pappírformi. Mikilvægt er að koma öllum teikningum á vef borgarinnar og gera aðgengilegar öllum. Að skönnun teikninga lokinni verður einungis tekið við teikningum með rafrænum hætti hjá borginni. a) sérteikninga sem geymdar eru í skjalageymslu í Höfðatorgi. Brýn þörf er á átakswerkefni í að skanna, skrá og setja á teikningavef borgarinnar þessar teikningar til að auka aðgengi að þeim og til framtíðarvarðveislu. b)raflagnateikningar sem geymdar eru í Borgarskjalasafni, skanna, skrá og setja á vef og ganga frá í umbúðir til framtíðarvarðveislu. c) Færa upplýsingar og rafræn skjöl inn í Scope, umsýslukerfi Borgarskjalasafns.	Stafrænt aðgengi tryggir jafnt aðgengi allra og felur í sér umtalsverða hagræðingu fyrir fagaðila s.s. byggingariðnaðinn, íbúa og borgina til framtíðar. Fækkar handtökum í þjónustuveri.	45.000	45.000	15.000	15.000	15.000

Samtals45.00045.00015.00015.00015.000

Græna planið	Uppl.tækn.stefna	Þjónustustefna	Skjalastefna	Stafræn umbreyting - Upplýsingatækniinnviðir og notendabúnaður							
Vaxandi borg	Grunnvirkni í lagi		Örugga skráning, varðveisla og meðferð gagna	Öryggi upplýsingatækniinnviða I	Brýn nauðsyn er að bregðast við nýjum kröfum um gagnaöryggi. Hagkvæmast og jafnframt öruggast er að leggja niður tölvuvélasali í kjöllum stjórnsýsluhúsa Reykjavíkurborgar og færa gögn og kerfi af núverandi gagnageymslum og netþjónum yfir á nýjar gagnageymslur og netþjóna í gagnaveri. Sértekur búnaður sem ekki er hægt færa yfir á nýjan tölvubúnað yrði fluttur í sama gagnaver. Ágætt framboð er komið af gagnaverum á landinu svo sem í Hafnarfirði, Reykjanessbæ, Blöndósi og í Reykjavík en öll bjóða þau upp á að hýsa búnað sem og hýsingu á eigin búnaði.	Verja þarf kerfi og þær upplýsingar sem Reykjavíkurborg varðveitir fyrir öllum ögnum, innri og ytri, hvort sem þær eru tilkomnar af ásetningi, gáleysi eða slysi.	155.000	40.000	0	0	0
Vaxandi borg	Grunnvirkni í lagi		Örugga skráning, varðveisla og meðferð gagna	Öryggi upplýsingatækniinnviða II	Brýn þörf er á að skipta um marga skápa til að hýsa netskipta ásamt að setja miðlæga aðgangsstýringu á alla netskápa þannig að þeir uppfylli reglugerðir um öryggi. Fjölga þarf einnig netskiptum sem í dag eru helsti flöskuhálsinn í útbreiðslu fjarfundabúnaðar en netskiptarnir ráða hraðanum á netkerfi borgarinnar. Þetta verkefni útheimtir mikla vinnu með aðkomu iðnaðarmanna við að leggja nýjar lagnir og setja upp nýja skápa, öryggissérfræðinga varðandi aðgangsstýringu á skápunum, verkefnastjóra við að greina verkefnið og halda utan um innleiðingu og upplýsingatæknisérfræðinga við að greina verkefnið og setja upp nýjan netbúnað.	Verja þarf kerfi og þær upplýsingar sem Reykjavíkurborg varðveitir fyrir öllum ögnum, innri og ytri, hvort sem þær eru tilkomnar af ásetningi, gáleysi eða slysi.	150.000	50.000	0	0	0

Vaxandi borg	Grunnvirkni í lagi	Fagmennska / Skilvirkni	Yfirsýn, rekjanleiki og áreiðanleiki gagna	Allsherjarinnleiðing fjarfundabúnaðar	Mikilvægt er að tækni á borð við fjarfundabúnað nái til sem allra flestra starfsstaða borgarinnar. Í því felst ekki einungis hagræði er varðar ferðakostnað, mengun og umferð. Tryggja þarf fyrst og fremst að starfsemi og þjónusta borgarinnar haldist órífin. Komið hefur í ljós að starfsstaðir borgarinnar eru misvel búnir undir þær breytingar sem hellst hafa yfir þá á fyrstu mánuðum ársins 2020. Mikilvægt er að huga að þeim þáttum sem skipta máli til þess að fjarfundir skili árangri. Örugg og skilvirk samskipti skipta miklu máli þegar starfsmenn starfa í dreifðu vinnuumhverfi. Einfalt notendaviðmót fyrir fundarstjóra sem og gesti er mjög mikilvægur þáttur. Einnig öryggi í formi aðgangsstýringar, þ.e. rafrænar auðkenningar til að tryggja að þeir sem koma inn á fundinn séu þeir sem þeir segjast vera. Þá er góður fundarbúnaður einnig lykilatriði.	Auðveldari og öruggari fjarfundir fyrir alla starfsmenn. Með þessari fjárfestingu yrði með tímanum hægt að úrelða aðrar eldri fjarfundaleiðir.	40.000	20.000	0	0	0
Vaxandi borg	Grunnvirkni í lagi		Langtímavaráðveisla og grisjun	Alþjónusta við prentumhverfi	Í dag rekur Upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkur (UTR) rúmlega 1300 prentara. Þar af fimm prentþjóna sem stjórna tæplega 900 nettengdum prenturum. Til viðbótar eru rúmlega 350 prentarar sem eru öðruvísi tengdir. Flókin innkaup, rekstur, viðhald og eftirlit með kostnaði. Með því að semja um alþjónustu við prentumhverfið verður kostnaðarvitund meiri, innkaup auðveldari og fyrsta skrefið yrði tekið að innleiðingu á aðgangsstýrðu prentskýi.	Bestun í meðhöndlun fjármuna og ávinnings. Eingöngu er greitt eftirá fyrir notkun, en ekki verið að fara í fjárfestingar í búnaði og rekstrarvörum með tilheyrandi rekstri og viðhaldi.	10.000	0	0	0	0
Vaxandi borg	Grunnvirkni í lagi	Fagmennska / Skilvirkni	Styðja hlutverk RVK og réttindi borgarbúa	Búnaðarkaup	Hér allur notendabúnaður borgarinnar undir og mikilvægt að draga ekki úr frjáfestingu. Almennur tölvubúnaður á útstöðvum (mestmegnis fartölvur) endist almennt í fjögur ár án vandræða. Endurnýja þarf að 25% að meðaltali árlega svo ekki skapist hali sem erfitt verður að vinna upp. Almenn er stefnan sú að útleiða borðtölvur, það mun hafa áhrif hvernig tækni umhverfið okkar er samsett og gera UTR erfiðara um við að koma bortölvum sem skilað er inn aftur notkun. Spjaldtölvur símar munu verða vinsælli vinnutæki, sérstaklega þegar hægt verður að diktera inn texta í stað vélritunar (10 ára plan).	Mikilvægt að ástand og afkastageta búnaðar sé góð svo að búnaður hamli ekki framleiðni starfsfólks. Þá þarf búnaður almennt að vera tiltölulega nýlegur svo að hann geti vel unnið með og tengst öðrum búnaði.	800.000	600.000	600.000	600.000	600.000
Borg fyrir fólk	Framsækin notkun	Notendamiðuð hönnun / nærþjónusta	Styðja hlutverk RVK og réttindi borgarbúa	Búnaðarkaup SFS	Forsendur framþróunar í notkun upplýsingatækni í öllu skóla- og frístundastarfi byggir á breyttum starfs- og kennsluháttum þar sem stafræn hæfni kennara og barna er í forgrunni. Aðgerðirnar byggja ofan á þá miklu og merkilegu þróun í notkun upplýsingatækni sem einkennt hefur skóla- og frístundastarf vorið 2020 og lögð er sérstök áhersla á að tryggja umsjón, utanumhald og stuðning við lærdómssamfélag í hverjum grunnskóla og leikskóla.	Aðgerðin styður við og flýttir fyrir framþróun náms- og kennsluhátta í Reykjavík.	225.000	183.000	0	0	0
Vaxandi borg	Grunnvirkni í lagi		Örugga skráning, varðveisla og meðferð gagna	Miðlægur búnaður og netbúnaður	Endurnýjunarþörf fyrir miðlægan búnað (að undanskildum kostnaði við að flytja kerfis- og gagnahýsingu í gagnaver eða skýjaþjónustur er mikil og einkum tilkomin vegna veldisvaxtar í gagnaflutningum innan og utan kerfis.	Viðhalda öflugum innviðum netkerfs og miðlægu tæknilegu um hverfi t.d. fyrir fjárhags- og mannauðskerfi og önnur eldri kerfi.	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000
Græn borg	Framsækin notkun	Skilvirkni	Örugga skráning, varðveisla og meðferð gagna	Umhverfisstjórnun stjórnsýsluhúsa	Unnið verður að því að koma magnþöllum úr rekstrinum inn í stafrænt kolefnisbókhalð svo vinna megi að gagnadrifinni umhverfisstjórnun húsanna með markmið borgarinnar um kolefnishlutleysi að leiðarljósi. Undir þetta fellur meðal annars innleiðing á gagnvirkum mælum (s.s. fyrir hita, vatn, loftgæði) og gagnatengingum við lykilmælikvarða rekstrar stjórnsýsluhúsa (s.s. úrgang).	Hluti af grænum skrefum og lykilmælikvörðum	2.000	0	0	0	0
Vaxandi borg	Grunnvirkni í lagi	Skilvirkni	Örugga skráning, varðveisla og meðferð gagna	Aðgagns- og öryggisstýring stjórnsýsluhúsa	Heilstætt aðgangs- og öryggisstýringarkerfi fyrir stjórnsýsluhús borgarinnar er mikilvægur hluti að tryggja öryggi starfsmanna og gesta hússins. Aðgangskerfi Ráðhússins er komið til ára sinna og er ekki öruggt eins og sakir standa. Auk þess sem samningur vegna Borgartúns er að renna út.	Með að endurnýja og sameina aðgangskerfi B12-14 og Ráðhússins með nýrri tækni má spara bæði umsýslutíma og plastnotkun í kortum sem gjarnan týnast.	35.000	0	0	0	0
Vaxandi borg	Grunnvirkni í lagi	Skilvirkni	Örugga skráning, varðveisla og meðferð gagna	Sjálfvirkt eftirlit og öryggiskerfi með upplýsingatækniinnviðum	Innleiðingar á eftirlitskerfi sem biður upp á söfnun og greiningu á infratrúktur/platform/net/öryggis og fl. loggum og eventum, dashboardning, preemtive monitoring með notkunin á ML og AI lausnum gefur miklu betra yfirsýn, rekstrar- og gagnaöryggi. Slíkt eftirlitskerfi er forsenda fyrir stafræna umbreytingu og rafvæðingu ferla þar sem ekki í boði lengur að mæla einungis CPU, minnis og fl. notkunin í tölvubúnaði - hluti að stafræna umbreytingu er mælanleki ferla, rafræna þjónustuna og upplifunar endanotenda	Til að sjá heilsu og yfirsýn yfir upplýsingatækniinnviði í borginni þannig að það sé hægt að bregðast við áður en skaðinn er skéður	13.000	0	0	0	0

					Samtals	1.530.000	993.000	700.000	700.000	700.000	
Græna planið	Uppl.tækn.stefna	Þjónustustefna	Skjalastefna	Stjórnsýsluhúsin - viðhald							
Græn borg	Framsækin notkun	Fagmennska		Sjálfbærar skrifstofur	Á næstu 3 árum stendur til að endurnýja öllum ljós og ljósabúnað í Höfðatorgi og ráðhúsi Reykjavíkur. Í þessum breytingum leggjum við áherslu á að tryggja nútímavæðingu innviða og sjálfbærni starfsumhverfis stjórnsýsluhúsa.Tenging helstu kerfa hússtjórnar við notendamiðað viðmót er lykillinn af góðri upplifun starfsmanna borgarinnar af skrifstofum sínum.	Endurnýjun með nútímavæðingu skrifstofurýmis er mikilvægur hluti af grænni og sjálfbærri skrifstofu.	25.000	25.000	25.000	15.000	15.000
Græn borg	Framsækin notkun	Fagmennska		Breytingar í stjórnsýsluhúsum	Það er þörf fyrir fjármagn til að sinna tilfæringum og breytingum á hæðum og rýmum í stjórnsýsluhúsinu. Reynslan sýnir að þetta er stöðugt verkefni.	Betri og markvisari nýting á núverandi húsnæði	30.000	30.000	30.000	30.000	30.000
					Samtals	55.000	55.000	55.000	45.000	45.000	
					SAMTALS	4.250.000	3.814.000	1.594.000	1.455.000	1.455.000	

REYKJAVÍK

Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Fjárfestingaráætlun 2022-2026 í stafrænni umbreytingu og tengdum þáttum



Hlutverk

Samkvæmt **samþykktri ábyrgðarskiptingu** þá ber Þjónustu- og nýsköpunarsvið ábyrgð á upplýsingatækni og gagnastýringu Reykjavíkurborgar, þjónustuumbreytingu, innri nýsköpun og tæknilegum umbótum ásamt þjónustu á því sviði. Einnig ábyrgð á rekstri stjórnsýslubygginga og stjórn skjalamála, þ.m.t. langtímavarðveislu.

Þá gegnir sviðið samhæfingarhlutverki og vinnur með fag- og kjarnasviðum að forgangsöðun aðgerða undir flaggi stafrænnar umbreytingar sem hvílir á grunni **þjónustustefnu** borgarinnar, stefnu um **nýtingu upplýsingatækni**, og **skjalastefnu** hennar.

Græna planið



Vaxandi borg

- Græn íbúðar uppbygging
- Grænar samgöngur
- Grænir þekkingarkjarnar
- Stafræn umbreyting



Græna borgin

- Aðgerðir í umhverfismálum
- Græn svæði



Borg fyrir fólk

- Lýðheilsa
- Menntun og menning
- Samfélag fyrir alla

Samþykktar stefnur



Stefna um nýtingu upplýsingatækni

- Grunnvirkni í lagi
- Aukin skilvirkni
- Bætt þjónusta
- Framsækin notkun



Þjónustustefna

- Fagmennska
- Notendamiðuð hönnun
- Skilvirkni
- Nærþjónusta



Skjalastefna

- Styður við réttindi borgarbúa
- Öruggr skráning, varðveisla og meðferð gagna
- Yfirsýn, rekjanleiki og áreiðanleiki gagna
- Langtímavarðveisla og grisjun

Stefnuljós í stafrænni vegferð



Notendamiðuð þjónusta

- Öflug þjónustuupplifun
- Markviss upplýsingagjöf
- Sterk framlínubjónusta



Stafræn vegferð

- Nútímaleg kerfi
- Snjöll nýsköpun
- Sjálfvirk stjórnsýsla



Kúltúrhakk

- Skilvirkt teymisstarf
- Frjótt vinnumhverfi
- Stöðug endurgjöf

Fjárfestingaráætlun til 2026

	2022	2023	2024	2025	2026
Rannsóknir og nýsköpun	14	14	14	5	5
Stafræn umbreyting og rafvæðing ferla	1.181	1.104	250	150	150
Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi	1.307	1.495	500	500	500
Upplýsinga- og gagnastýring	118	108	60	40	40
Hönnun og umbreyting þjónustu	45	45	15	15	15
Notendabúnaður og öryggi upplýsingatækniinnviða	1.530	993	700	700	700
Samtals	4.195	3.759	1.539	1.410	1.410
Borgartún 12 - 14	25	25	25	15	15
Stjórnsýsluhúsin	30	30	30	30	30
Samtals	55	55	55	45	45
Heildar fjárfesting samtals	4.250	3.814	1.594	1.455	1.455



Verkefnaráð

Ferill fyrir ákvarðanatöku

Stafrænir leiðtogar sviðanna

- Koma áskorunum og verkefnum til ákvörðunartöku í verkefnaráðum hvers sviðs fyrir sig
- Þannig liggur ákvörðunarheimild um verkefnin fyrir frá hverju sviði

Verkefnaskrárstjóri

- Heldur utan um og hefur yfirsýn yfir öll verkefni
- Kemur verkefnum á dagskrá, til umfjöllunar hjá verkefnaráði

Miðlægt verkefnaráð ÞON

- Metur forgangs röðun út frá heildarhagsmunum borgarinnar og samlegðaráhrifum verkefnanna

Fylkið

Tól fyrir forgangsröðun

Sértæk og aðlöguð fylki sviðanna

- Hvert svið hefur sett upp sitt eigið fylki, út frá stefnum og áherslum þess sama sviðs.
- Þannig fæst forgangsröðun sviðanna í stafrænum verkefnum.

Miðlægt fylki ÞON

- Vegur verkefni út frá lagalegum kröfum, virðisauka, áherslum og stefnum borgarinnar.
- Þannig fæst forgangsröðun verkefna á fjárfestingaáætlun

Ákvörðun um framkvæmd

- Verkefnin sem skora hæst í miðlæga fylkinu, fara í framkvæmd um leið og mikilvægi þeirra er staðfest og auðlindir leyfa.

Stafræn umbreyting – rafvæðing ferla

Sennilegar áherslur 2023

Mínar síður Áframhaldandi þróun og ítrun á mínum síðum og umsóknarferlum þar inni (PON).

Miðlæg starfsmannagátt "Okkar síður" miðlæg bakvinnsla fyrir umsóknarferla og verkefni (PON).

Betri borg fyrir börn Ferlar fyrir skólaþjónustu (SFS og VEL)*

Innritum í leikskóla og frístund, mataráskrift o.fl. (forgangsröðun væntanleg frá SFS)*

Afgreiðslu- og fyrirspurnarferli skipulags- og byggingarfulltrúa (forgangsröðun væntanleg frá USK)*

Rekstrar- og afnotaleyfi (USK)*

Ábendingavefur 2.0 (PON)*

* með fyrirvara um forgangsröðun fagsviða og framvindu verkefna á árinu 2022

Stafræn umbreyting – vefþróun

Sennilegar áherslur 2023*

Staðarsíður SFS uppsetning fyrir starfsstaði (SFS)

Hátíðarvefir borgarinnar veflægt sniðmát (MOF)

Birting viðburða yfirhalning á veflægri viðburðaskráningu (MOF)

Safnavefir borgarinnar uppsetning á nýjum vefjum (MOF)

Vefur Borgarbókasafns nýjar tengingar (MOF)

Ný vefsvæði: Músíktílaunir (ÍTR), Borgarskjalasafn (PON), Bókmenntaborgin (MOF)

Auk minni verkefna sem koma frá stafrænum leiðtogum sviðanna

*með fyrirvara um forgangsöröðun fagsviða og framvindu verkefna á árinu 2022

Stafræn umbreyting – ný upplýsingakerfi

Sennilegar áherslur 2023*

M365 áframhaldandi innleiðing þvert á öll svið (PON)

Atvikaskráningarkerfi innkaup og innleiðing (FAS)

Heimaþjónustu- og búsetukerfi innkaup og innleiðing (VEL)

Rafrænar beiðnabækur innkaup og innleiðing (FAS)

Lóðaumsóknarkerfi innkaup og innleiðing á (SBB)

Frístunda- og úrræðakort fyrir börn (SFS, VEL, ÍTR og MOF)

Færsluhirðing borgarinnar útboð (FAS)

Auk ca. **10-15 hugbúnaðarverkefna til viðbótar** sem koma frá stafrænum leiðtogum sviðanna

*með fyrirvara um forgangs röðun fagsviða og framvindu verkefna á árinu 2022

Stafræn umbreyting – gagnastýring

Sennilegar áherslur 2023*

Mælaborð borgarbúa Eignarhald færir frá FAS til ÞON/Gagnaþjónustunnar. Einn miðlægur staður fyrir mismunandi mælaborð og opinberar tölulegar upplýsingar Reykjavíkurborgar


Fjárhagsleg sjálfbærni Reykjavíkurborgar Áhættumat, mælaborð, greiningar og spálíkön til að fylgjast með fjárhagslegri sjálfbærni Reykjavíkurborgar (FAS)

Gagnalandslag Skóla- og frístundasviðs Endurbætur á gagnalandslagi, sameining gagnastrúktúra og enduruppbygging gagna fyrir sviðið (SFS)

Spálíkön fyrir Velferðarsvið Spálíkön fyrir þörf um fjárhagsaðstoð, húsnæðisumsóknir, -úthlutun (VEL)

Auk minni verkefna sem koma frá stafrænum leiðtogum sviðanna

*með fyrirvara um forgangsöröðun fagsviða og framvindu verkefna á árinu 2022



Reykjavíkurborg

Þjónustu- og nýsköpunarsvið